

Náttúrufræðistofnun Íslands  
bt. Ester Rut Unnsteinsdóttir  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125  
212 Garðabær



Ísafjörður 29. mars 2017  
UST201703-294/J.S.J.  
09.05.01

### Umsókn um rannsóknaleyfi – Friðlandið á Hornströndum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Esterar Rutar Unnsteinsdóttur, fyrir hönd Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 29. mars 2017, vegna fyrirhugaðra rannsókna innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 1. og 4. gr. ofangreindrar auglýsingar.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 er óheimilt að eyðileggja greni eða hafa þar óþarfa umgang.

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Fyrirhugað er að rannsaka á árunum 2018 - 2021 þróun sérhæfingar í fæðuvistfræði innan hundaættarinnar og afleiðingar hennar á afkomu viðkomandi stofna og einnig á bráðarstofna. Refurinn í Hornvík er módel sem strandavistgerð að sögn. Áætlað verður að um 20 dýr verði eyrnamerkt og sett verði hálsbönd á helming þeirra til að fylgjast með ferðum þeirra. Tekin verða saursýni, hársýni og örlítill skinnflipi tekinn af lifandi dýrum. Dýrin verða handsömuð með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Verkefnið verður unnið samhliða vöktun á refum og ábúðarþéttleika refagrenja innan friðlandsins á Hornströndum.

#### **Áhrifamat:**

Ábúðarþéttleiki refsins á austanverðu friðlandinu er með því mesta sem þekkt og því rík aðgæsluskylda sem hvílir á þeim sem fara um svæðið. Umhverfisstofnun telur að það hvernig til tekst um áhrif fyrirhugaðrar rannsókna innan friðlandsins á Hornströndum, sé háð því hvernig staðið verði að verki.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð rannsókn eins og henni er lýst af rannsóknaraðila, muni ekki rýra verndargildi svæðisins, heldur stuðla að aukinni þekkingu á atferli refsins innan friðlandsins, og sé því ekki háð leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Tilmæli:**

- Umhverfisstofnun mælist til að skilgreind tjaldsvæði og innviðir verði notaðir af þeim sem koma að fyrirhugaðri rannsókn, nema landeigendur gefi leyfi um annað.
- Umhverfisstofnun mælist til þess að samráð verði haft við þá landeigendur á svæðinu sem varða fyrirhugaða rannsókn.

- Umhverfisstofnun mælist til þess að vera upplýst reglulega um gang rannsóknar.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því í lok rannsóknar að fá afrit af niðurstöðum.

Virðingarfyllt

*Jón Smári Jónsson*

Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur